

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 33/2008**

**frá 14. mars 2008**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endursamin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/54/EB falla úr gildi 15. ágúst 2009 tilskipanir ráðsins 75/117/EBE <sup>(3)</sup>, 76/207/EBE <sup>(4)</sup>, 86/378/EBE <sup>(5)</sup> og 97/80/EB <sup>(6)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að sú breyting komi til framkvæmda 15. ágúst 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XVIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21a (tilskipun ráðsins 97/80/EB):

„21b. **32006 L 0054**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endursamin) (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 23).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) 3. gr. hljóði svo:

„Með það markmið í huga að tryggja í reynd fullt jafnrétti milli karla og kvenna á vinnustað skal meginreglan um jafna meðferð ekki koma í veg fyrir að einstök aðildarríki hafi áfram í gildi eða taki upp sértæk ívilnandi ákvæði

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 45, 19.2.1975, bls. 19.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 39, 14.2.1976, bls. 40.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 225, 12.8.1986, bls. 40.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6.

í því skyni að gera fólki af því kyni, sem er fámennara í tiltekinni atvinnugrein, auðveldara að stunda þau störf eða í því skyni að sneiða hjá eða vega á móti óhagræði sem tengist starfsferli.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við 12. gr.:

„5. Í stað dagsetningarinnar 17. maí 1990 í fyrsta málslið 1. mgr. komi 1. janúar 1994 að því er varðar Ísland og Noreg og 1. maí 1995 að því er varðar Liechtenstein.“

c) Í stað orðanna „141. gr. sáttmálans“ í a-lið 4. mgr. 19. gr. komi orðin „69. gr. EES-samningsins“.

2. Texti 17. liðar (tilskipun ráðsins 75/117/EBE), 18. liðar (tilskipun ráðsins 76/207/EBE), 20. liðar (tilskipun ráðsins 86/378/EBE) og liðar 21a (tilskipun ráðsins 97/80/EB) falli brott 15. ágúst 2009.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/54/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.